


Nr.: NSL-023	Tækniskólinn	
Útgáfa: 2.0		
Dags: 14.11.2012		
Höf: Vilbergur Magni Óskarsson	Viðbótarnám fyrir stjórnendur björgunarskipa	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Markmið námskeiðs:

Að mennta og þjálfna stjórnendur á björgunarskip.

Inntökuskilyrði:

Skipstjórnarpróf á smáskip.

Tímalengd:

67 kennslustundir

Fjöldi nemenda:

Hámark 12 nemendur

Almenn lýsing námskeiðs:

Eftirfarandi er tekið fyrir á námskeiðinu:

- Reikna út stefnu til að stýra að teknu tilliti til sjávarfalla og hafstrauma
- Kunna að nota öll siglingarit yfir svæðið, eftir því sem við á, þar með talið rit um sjávarföll og strauma.
- Kunna að reikna tíma flóðs og fjöru í aðal- og aukahöfnum og meta stefnu og hraða sjávarfallastrauma, ef við á.
- Notkun rafrænna sjókorta
- Finna stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
- Finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvorutveggja;
- Reikna út árekstrarstefnu;
- Velja og setja upp punkta fyrir og nota samsíða línur;
- Setja inn leiðarpunkta úr GPS (ef við á);
- Almenn þekking á nauðsynlegum grundvallarreglum og -atriðum til öruggrar og skilvirkrar notkunar á öllum búnaði og varabúnaði alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfis fjarskipta á sjó (GMDSS-ROC).
- Þekking á opinberum siglinga- og veðurfræðilegum viðvörunarkerfum og val á fjarskiptaþjónustu í landi (NAVTEX) sem við á hverju sinni til venjubundinna samskipta.
- Upplýsingar frá AIS